



HÚNAÞING VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi
Erindi nr. P 132/1275
komudagur 13.3.2006

Hvammstanga 7. mars 2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar
Alþingi
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009.

Vegna framkominnar þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 – 2009 vill sveitarstjórn Húnaþings vestra koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur í meginatriðum undir þær áherslur og áætlun um aðgerðir sem fram koma í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.
2. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að samhliða verði lögð fram sérstök áætlun um fjármögnun einstakra verkefna. Hér er átt við hvaða fjármunum í grófum dráttum verði varið á tímabilinu 2006 - 2009 til þess að útfæra einstök áhersluatriði og framkvæmd þeirra. Að mati sveitarstjórnar Húnaþings vestra væri áætlunin þannig sem heild gegnsærri og auðveldari í framkvæmd auk þess sem mat á árangri og mögulegu framhaldi aðgerða í lok tímabilsins væri einfaldara.
3. Sveitarstjórn Húnaþings vestra áltur að áhersla á styrkingu byggðakjarna Ísafjarðar, Akureyrar og Miðasturlands geti skilað tilætluðum árangri fyrir umrædda kjarna og áhrifasvæði þeirra. Það er hins vegar skoðun sveitarstjórnar að ákveðin landsvæði falli utan þeirra áhrifasvæða og því ekki síður mikilvægt að lögð sé áhersla á þau svæði. Í Húnavatnssýslum t.d. hafa orðið miklar breytingar í búsetu og atvinnuþróun á sl. 15 árum, fólksfækkun hefur verið viðvarandi og störfum í hefðbundnum atvinnugreinum hefur fækkað umtalsvert. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hvetur til þess að landsvæði utan áhrifasvæða byggðakjarna njóti einnig sérstakrar áherslu þegar kemur að tímasetningu og framkvæmd aðgerða sem tilgreindar eru í tillögu að byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.

Virðingarfyllst,

